

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 26. júní kl. 09:07, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 779.  
embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs.  
Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Haukur Hafliði Nínuson, Ólafur Melsted,  
Hildur Gunnarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Björn Ingi  
Edvardsson, Sólveig Sigurðardóttir, Lilja Grétarsdóttir og Hulda Einarisdóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

## Þetta gerðist:

- Mávahlíð 27, (fsp) setja svalir á suðurhlíð hússins** (01.710.1) Mál nr. SN200414  
Skjalnr. 10878  
140586-2939 Björn Þór Aðalsteinsson, Mávahlíð 27, 105 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Bjarna Þórs Aðalsteinssonar dags. 23. júní 2020 um að setja  
svalir á suðurhlíð hússins á lóð nr. 27 við Mávahlíð, samkvæmt skissu ódags.  
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Skútuvogur 2, Skilti** (14.200.01) Mál nr. BN057772  
Skjalnr. 6722  
590404-2410 RA 5 ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. júní 2020 þar sem sótt er  
um leyfi til þess að setja upp stafræn ljósaskilti á norðvestur horn verslunar- og  
skrifstofubyggingar á lóð nr. 2 við Skútuvog.  
Um er að ræða tvö skilti, hvort um sig að stærð: 204,8 x 409.6 og 8.4 ferm. Gjald kr.  
11.200  
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Álftamýri 43-57, (fsp) stækkun húss** (01.280.3) Mál nr. SN200216  
Skjalnr. 10629  
701209-2220 Ark-teikn slf., Álftamýri 49, 108 Reykjavík  
301167-3509 Stefán Már Kristinsson, Álftamýri 43, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. apríl 2020 var lögð fram fyrirspurn  
Ark-teikn slf. dags. 8. apríl 2020 um stækkun hússins nr. 43 á lóð nr. 43-57 við  
Álftamýri sem felst í því að gera viðbyggingu ofaná bílgeymslu, samkvæmt uppdr.  
Ark-teikn slf. dags. 8. apríl 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra  
og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020.  
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020 samþykkt.
- Sogavegur 109, (fsp) þaksvalir** (01.820.2) Mál nr. SN200224  
Skjalnr. 8416  
141080-3859 Einar Kristjánsson, Sogavegur 109, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. apríl 2020 var lögð fram fyrirspurn  
Einars Kristjánssonar dags. 15. apríl 2020 um að gera þaksvalir/afgirt útisvæði ofan á  
þaki bílskúrs á lóð nr. 109 við Sogaveg og setja hurð á vegg sem snýr í austur að  
bílskúrspakinu þar sem gengið yrði út á pallinn, samkvæmt tillögu ódags. Einnig er lagt  
fram samþykki eigenda lóðar nr. 109 við Sogaveg dags. 15. apríl 2020. Fyrirspurninni  
var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn  
skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020.  
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020 samþykkt.

5. **Dunhagi, Hjarðarhagi og Tómasarhagi,**  
*deiliskipulag*

Mál nr. SN200207  
Skjalnr. 8534

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að skipulagslýsingu fyrir Dunhaga, Hjarðarhaga og Tómasarhaga fyrir gerð nýs deiliskipulags fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillögunni felst að festa í sessi leiksvæði á borgarlandi og hverfisvernd á byggð Hjarðarhaga og Tómasarhaga með minniháttar heimildum til breytinga þ.á.m. bílskúrsheimilda á tveimur lóðum, niðurrifi bílskúra og uppbyggingu á lóð nr. 18-20 við Dunhaga samkvæmt skipulagslýsingu THG Arkitekta ehf. dags. 1. apríl 2020. Einnig eru lagðir fram tölvupóstar Sigurðar Þráinssonar dags. 11. maí 2020 og Bjarka Más Baxter dags. 12. maí 2020 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti. Kynning stóð yfir frá 24. apríl 2020 til og með 25. maí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Borgarsögusafn Reykjavíkur dags. 13. maí 2020, Skipulagstofnunar dags. 14. maí 2020, 7 íbúar og eigendur að Hjarðarhaga 27 dags. 14. maí 2020, Einar Ólafsson dags. 15. maí 2020, Signý Sif Sigurðardóttir dags. 15. maí 2020, Soffía Óladóttir dags. 15. og 24. maí 2020, Áslaug Árnadóttir lögmaður f.h. Árna Kolbeinssonar eiganda tveggja íbúða að Tómasarhaga 34 dags. 15. maí 2020, íbúaráð Vesturbæjar dags. 15. maí 2020, Hildur Þórisdóttir dags. 15. maí 2020, Elmar Freyr Torfason dags. 16. maí 2020, Sirrý Baldursdóttir dags. 17. maí 2020, Andrés Gunnarsson dags. 17. maí 2020, Sveinn Ólafsson dags. 18. maí 2020, Sveinn Margeirsson dags. 18. maí 2020, Bjarki Már Baxter lögmaður f.h. eigendur að Tómasarhaga 32 dags. 18. maí 2020 og 16. júní 2020, Jónas Björn Swift dags. 18. maí 2020, skrifstofa umhverfisgæða dags. 18. maí 2020, Minjastofnun Íslands dags. 20. maí 2020, íbúaráð Vesturbæjar dags. 22. maí 2020, Soffía Óladóttir dags. 24. maí 2020 og Hilmar Guðjónsson og Kolbrún Vaka Helgadóttir dags. 24. maí 2020.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

6. **Dunhagi, Hjarðarhagi og Tómasarhagi,**  
*deiliskipulag*

Mál nr. SN200207  
Skjalnr. 8534

Lögð er fram að umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 2. október 2018 um nýtt deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillögunni felst m.a. niðurrif og uppbygging á lóð nr. 18-20 við Dunhaga auk bílskúrsheimilda á þremur lóðum, samkvæmt deiliskipulagsuppd. THG Arkitekta ehf. dags. 25. júní 2020. Einnig er lagður fram skuggavarpsuppdráttur THG Arkitekta ehf. dags. 1. október 2018, leiðr. 8. febrúar 2019. Jafnframt er lögð fram drög að húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

7. **Hverfisgata 86A, breyting á deiliskipulagi** (01.174)

Mál nr. SN200174  
Skjalnr. 13707

710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík  
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 12. júní 2020 var lögð fram umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags. 17. mars 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0, Landsbankareits, með síðari breytingum vegna lóðarinnar nr. 86A við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum í húsinu úr 1 íbúð í 2 íbúðir, samkvæmt uppd. T.ark Arkitekta ehf. dags. 13. mars 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.*

8. **Nýr Landspítali við Hringbraut, stigahús,** (01.19) Mál nr. SN200085  
*breyting á deiliskipulagi* Skjalnr. 12506  
 681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík  
 500810-0410 Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. febrúar 2020 var lögð fram umsókn Helgu Bragadóttur arkitekts f.h. Nýs Landspítala ohf. dags. 3. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit austan á Meðferðarkjarna að aðaltorgi/Sóleyjartorgi um 150 m<sup>2</sup> fyrir glerbyggingu og koma þar fyrir stigahúsi með inngangi frá torginu, samkvæmt uppdr. Spítal dags. 31. janúar 2020, breytt 19. júní 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
- Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.*
9. **Nýr Landspítali við Hringbraut, breyting á** (01.19) Mál nr. SN200395  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 12506  
 500810-0410 Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík  
 681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík  
 Lögð fram umsókn Kanon arkitekta ehf. dags. 23. júní 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut. Í breytingunni felst breikkun á Burknagötu vegna tilkomu borgarlínu og færslu og breytingar á byggingarreitum sunnan götunnar sem nemur breikkuninni. Í tengslum við þessa færslu verða einnig afleiddar breytingar á staðsetningu byggingarreita randbyggðar, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Spítal ehf. dags. 23. júní 2020. Einnig er lagt fram bréf Gunnars Svavarssonar f.h. NLSH ohf. dags. 19. júní 2020.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
- Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.*
10. **Sólvallagata 10, breyting á deiliskipulagi** (01.160.3) Mál nr. SN200089  
 Skjalnr. 14216  
 500591-2189 Argos ehf, Eyjarslóð 9, 101 Reykjavík  
 Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Stefáns Arnar Stefánssonar dags. 4. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hólatorgsreits vegna lóðarinnar nr. 10 við Sólvallagötu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit norðan við húsið um ca. 2. metra, samkvæmt uppdr. Argos ehf. dags. 15. apríl 2020. Einnig eru lagðir fram aðaluppdrætti dags. 10. desember 2019. Jafnframt er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. mars 2020 og Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 25. júní 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 26. maí 2020 til og með 23. júní 2020. Engar athugasemdir bárust.  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*
11. **Mýrargata 21 og 23, breyting á** (01.116) Mál nr. SN190436  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 13351  
 010562-3419 Einar Ólafsson, Hvassaleiti 39, 103 Reykjavík  
 670901-2110 Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins, Öldugötu 44, 101 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júní 2020 var lögð fram umsókn Einars Sörlasonar dags. 18. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits, reits 1.131, vegna lóðarinnar nr. 21-23 við Mýrargötu. Í breytingunni felst að minnka

umfang og hæðir kirkjunnar ásamt því að kirkjuturnar eru lækkaðir. Turnunum fækkar úr 5 í 2, hámarkshæð hærri turns minnkar úr 22 metrum niður í 18 metra og minni turns úr 17. metrum niður í 15 metra og umfang kirkjunnar minnkar, samkvæmt deiliskipulags-, skuggavarps- og skýringarupphdr. Arkiteo ehf. dags. 18. maí 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.*

12. **Seljavegur 2, (fsp) uppbygging** (01.133.2) Mál nr. SN200284  
Skjalnr. 7418

620617-2370 Grandinn - Íbúðafélag ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík  
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Hjalta Brynjarssonar, dags. 8. maí 2020, um hvort fyrirhuguð uppbygging á lóð nr. 2 við Seljaveg, samkvæmt forteikningum Arkþings - Nordic ehf. dags. 6. maí 2020 og greinargerð ódags., samræmist deiliskipulagi. Einnig er lagt fram minnisblað Eflu dags. 8. júní 2020 um fjölda bílastæða á Seljavegi 2.

*Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið. Samræmist deiliskipulagi.*

13. **Reykjavíkurflugvöllur, breyting á deiliskipulagsmörkum, breyting á deiliskipulagi** (01.6) Mál nr. SN200416  
Skjalnr. 6767

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Í breytingunni felst staðsetning á nýju hliði, breytt afmörkun girðingar og breyting á deiliskipulagsmörkun til samræmis við deiliskipulag Nýja Skerjafjarðar, samkvæmt upphdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 26. júní 2020.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

14. **Skerjafjörður Þ5, deiliskipulag** Mál nr. SN170833  
Skjalnr. 5201

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að nýju deiliskipulagi fyrir Nýja Skerjafjörð. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu um 700 íbúða, leikskóla, grunnskóla, bílageymsluhúsi, verslun, þjónustu og útivistarsvæðum. Tillagan gerir einnig ráð fyrir nýjum veltengingum til austurs, suður fyrir Reykjavíkurflugvöll, sem er eingöngu ætluð almenningsamgöngum, gangandi og hjólandi vegfarendum. Einnig eru lagðir fram deiliskipulags-, skýringar- og skuggavarpsupphdr. ASK Arkitekta, EFLU og Landslags dags. 26. júní 2020, greinargerð og almennir skipulagsskilmálar dags. 26. júní 2020, sérskilmálar dags. 26. júní 2020, hönnunarleiðbeiningar dags. 26. júní 2020, skýrsla Minjasafns Reykjavíkur nr. 161 frá 2013 (byggðakönnun, fornleifaskrá og húsakönnun), drög að skýrslu Borgarsögusafns Reykjavíkur nr. 204 frá 2020 (fornleifaskrá og húsakönnun), fjórir undirritaðir samningar: samkomulega um skipulag og uppbygging á landi ríkisins við Skerjafjörð dags. 1. mars 2013, samkomulag um endurbætur á aðstöðu fyrir farþega og þjónustuaðila á Reykjavíkurflugvelli dags. 19. apríl 2013, samkomulag um innanlandsflug dags. 25. október 2013 og kaupsamningur og afsal í framhaldi af formlegri lokun ríkisins á norður/suður og austur/vestur flugbrautar (braut (06/24) á Reykjavíkurflugvelli dags. 11. ágúst 2016. Jafnframt eru lögð fram ítargögn: skýrsla Eflu um jarðkönnun og mengunarrannsóknir í jarðvegi skerjafjarðar dags. 29. janúar 2019, skýrsla Eflu um hljóðvist dags. 12. september 2019, samgöngumat Eflu dags. 26. júní 2020, skýrsla Eflu um vindgreiningu dags. 7. janúar 2020, minnisblað Eflu vindgreining - viðauki A dags. 16. júní 2020, minnisblað Eflu Vindgreining - viðauki B dags. 26. júní 2020 og minnisblað Eflu vegna færslu skipulagsmarka (áhrif færslu skipulagsmarka á umferð, hljóðvist og vindafar) dags. 26. júní 2020.

Tillagan fellir úr gildi eldra deiliskipulag frá 16. janúar 1986, br. 1999.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

15. **Barmahlíð 10, (fsp) hækkun á risi, setja kvist** (01.702.1) Mál nr. SN200403  
*og lengja bílskúr* Skjalnr. 13521  
 151171-3389 Sigurður Helgi Helgason, Barmahlíð 10, 105 Reykjavík  
 Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Helga Helgasonar dags. 16. júní 2020 um að hækka ris hússins á lóð nr. 10 við Barmahlíð, setja kvist og stækka/lengja bílskúr um 5 metra að lóðarmörkum. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020.*
16. **Garðsendi 9, (fsp) færsla á byggingarreit** (01.822.44) Mál nr. SN200363  
*bílskúrs* Skjalnr. 13687  
 291246-4519 Guðni Pálsson, Litlabæjarvör 4, 225 Álfanes  
 270183-5229 Bjarni Þröstur Magnússon, Garðsendi 9, 108 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Guðna Pálssonar dags. 9. júní 2020 um að færa byggingarreit bílskúrs aftar á lóð nr. 9 við Garðsenda, samkvæmt uppd. GP arkitekta dags. 9. júní 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020 samþykkt.*
17. **Sólvallagata 67, Vesturbæjarskóli,** (01.138.2) Mál nr. SN200390  
*breyting á skilmálum deiliskipulags* Skjalnr. 12269  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. júní 2020 var lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 15. júní 2020 að breytingu á skilmálum deiliskipulags lóðarinnar nr. 67 við Sólvallagötu 67, Vesturbæjarskóli. Í breytingunni felst að í stað flutningsheimildar á húsinu, sem stendur í suðvesturhorni lóðarinnar (áður Hringbraut 116-118), er heimilt að rífa það. Einnig er lögð fram umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 10. júní 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
- Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.*
18. **Vesturgata 65A, (fsp) breyting á svölum** (01.133.1) Mál nr. SN200371  
 Skjalnr. 8132  
 131161-3369 Marta Emilía Valgeirsdóttir, Vesturgata 65A, 101 Reykjavík  
 Lögð fram fyrirspurn Mörtu Emilíu Valgeirsdóttur dags. 10. júní 2020 um að stækka svalir hússins á lóð nr. 65A við Vesturgötu og breyta útliti þeirra. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2020.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa 24. júní 2020 samþykkt.*
19. **Ármúli 3, Breytingar 2.hæð mhl.03 -** (12.612.01) Mál nr. BN057822  
*aðkoma að 2.hæð* Skjalnr. 5144  
 691206-4750 LF2 ehf., Söltúni 26, 105 Reykjavík  
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 2. hæð mhl. 03 og innrétta tvö aðskilin skrifstofurými, breyta og bæta aðgengi frá Hallarmúla með því að byggja nýjan stiga og inngang á bakhlið ásamt því að loka milli mhl. 01 og mhl. 03 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 3 við Ármúla.  
 Erindi fylgir A3 sett með yfirliti yfir breytingar. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

20. **Drápuhlíð 38, Bílskúr - Nýtt erindi. (SBR. (01.713.007)** Mál nr. BN057427  
BN052183 Skjalnr. 13589  
141076-3109 Freyr Halldórsson, Drápuhlíð 38, 105 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr á vesturhlið húss úr forsteyptum einingum, saga niður úr glugga á vesturhlið íbúðar 0101, koma fyrir hurð og stálbrú út á bílskúr og tröppur frá bílskúrþaki niður á lóð fjölbýlishúss nr. 38 við Drápuhlíð. Erindi var grenndarkynnt frá 19. maí 2020 til og með 16. júní 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Ásgerður Vigfúsdóttir dags. 14. júní 2020 og Brynhildur Sch Th. dags. 16. júní 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júní 2020 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dag. 26. júní 2020.  
Samþykki meðeigenda húss dags. 18. apríl. 2020 fylgir erindinu.  
Stærð bílskúr: 28,0 ferm., 88,2 rúmm. Gjald kr. 11.200  
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020.  
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.
21. **Goðaland 4, Goðaland 2-20 1-21, (fsp) (01.853)** Mál nr. SN200394  
bílastæði Skjalnr. 9890  
281239-3929 Þórunn Óskarsdóttir, Goðaland 4, 108 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Þórunnar Óskarsdóttur dags. 21. júní 2020 ásamt greinargerð dags. 20. júní 2020 um að gera bílastæði fyrir framan lóðina nr. 4 við Goðaland, Goðaland 2-20 1-21, annað hvort með því að mjökka grasflöt fyrir framan garðinn þannig að hægt sé að leggja bílnum langsum eða á skrá eða að útbúa innkeyrslu inn á lóðina.  
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
22. **Grensásvegur 1, (fsp) breyting á (01.460.0)** Mál nr. SN200402  
deiliskipulagi Skjalnr. 5328  
670614-1310 Fasteignafélagið G1 ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur  
681212-0860 Archus slf., Stórhöfða 17, 110 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Gunnlaugssonar dags. 22. júní 2020 ásamt bréfi dags. 19. júní 2020 um breytingu á deiliskipulagi "Skeifan-Fenín" vegna lóðarinnar nr. 1 við Grensásveg sem felst í að heimilað verði að vera með litlar íbúðir með veröndum garðmegin, samkvæmt uppdrt./grunnmynd dags. 18. júní 2020. Einnig eru lagðar fram þrívíddarmyndir ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020.  
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020 samþykkt.
23. **Sogavegur 3, Stöðuleyfi - frystigámur (18.10-.98)** Mál nr. BN057814  
Skjalnr. 9759  
660407-2350 Fiskikóngurinn ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. júní 2020 þar sem sótt er um stöðuleyfi í fyrir frystigám með kælipressu, við norðaustur enda húss á lóð nr. 3 við Sogaveg.  
Gjald kr. 11.200  
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

24. **Stangarholt 10, Svalir á bakhlið hússins** (01.246.005) Mál nr. BN056461  
Skjalnr. 12588  
170376-4479 Móheiður Hlíf Geirlaugsdóttir, Stangarholt 10, 105 Reykjavík  
080174-5869 Atli Viðar Thorstensen, Stangarholt 10, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júní 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir svölum á íbúðir 0101 og 0201 á suðurhlið og koma fyrir hurðum út á þær í húsinu á lóð nr. 10 við Stangarholt. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
Umsögn skipulags frá 16. mars 2018 fylgir þar sem Jákvætt er að grenndarkynna erindi ef það berst. Samþykki meðeigenda að Stangarholti 10-12 dags. 1 júní 2020 fylgir. Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Stangarholti 8 og 12 og Stórholti 21 og 23.*  
*Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
25. **Gufunes, breyting á deiliskipulagi fyrir reiti** (02.2) Mál nr. SN200299  
Skjalnr. 7808  
*A1.5 og A1.6 - Gufunesvegur 34 og Þengilsbás 1*  
120768-4339 Orri Steinarsson, Holland,  
Lögð fram umsókn Orra Steinarssonar dags. 13. maí 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Gufuness fyrir reiti A1.5 og A1.6, Gufunesveg 34 og Þengilsbás 1. Í breytingunni felst að byggingarmagnstölur eru uppfærðar vegna villu í deiliskipulagsgögnum, samkvæmt uppdr. Jvantspijker & parners dags. 19. júní 2020. Einnig er lögð fram greinargerð Ingu Lóu Guðjónsdóttur og Hilmars Páls Jóhannessonar f.h. Loftkastalands ehf. ódags.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*  
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.*
26. **Hofsvallagata 54, (fsp) stækkun** (01.526.1) Mál nr. SN200105  
Skjalnr. 7723  
*veitingastaðarins Hagavagninn*  
100760-5849 Vigfús Halldórsson, Biskupsgata 3, 113 Reykjavík  
441011-0590 Giljástígur ehf, Laugavegi 77, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Vigfúsar Halldórssonar dags. 10. febrúar 2020 um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 54 við Hofsvallagötu sem felst í stækkun á núverandi veitingastað á lóð nr. 54 við Hofsvallagötu til að koma fyrir salernisaðstöðu fyrir viðskiptavinum, samkvæmt uppdr. Vigfúsar Halldórssonar dags. 7. desember 2019, en í dag er einungis salernisaðstaða fyrir starfsfólk. Einnig er lagður fram tölvupóstur Vigfúsar Halldórssonar dags. 11. febrúar 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar ÍTR og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn ÍTR dags. 24. júní 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020 samþykkt.*

27. **Skektuvogur 1, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.45) Mál nr. SN200237 Skjalnr. 14269  
 710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík  
 580817-1060 Skektan ehf., Skektuvogi 1, 104 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn T.ark Arkitekta ehf. dags. 20. apríl 2020 ásamt bréfi Sveins S. Hannessonar f.h. Skektunnar ehf. dags. 15. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæðis 2 vegna lóðarinnar nr. 1 við Skektuvog sem felst í breytingu á notkun lóðarinnar úr atvinnuhúsnæði í þjónustu- og íbúðarhúsnæði ásamt rýmkun á byggingarheimildum lóðarinnar, samkvæmt tillöguhefti T.ark Arkitekta ehf. dags. í febrúar 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020 samþykkt.*
28. **Stefnisvogur 2, Byggja 2-6 hæða fjölbýlishús** Mál nr. BN057251 Skjalnr. 14256  
 680717-1090 U 14-20 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. mars 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja 2-6 hæða fjölbýlishús með 71 íbúð og bílakjallara á lóð nr. 2 við Stefnisvog, samkvæmt teikningasetti THG Arkitekta ehf. dags. 2. febrúar 2020 uppfært 25. júní 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Stærðir ofanjarðar: 7.127.4 ferm., 23.303.9 rúmm. Stæðir neðanjarðar: 1.063.8 ferm., 3.386.3 rúmm. Bílakjallari, mhl.02: 1.085.0 ferm., 3.386.3 rúmm. B- rými: 397.4 ferm. Nýtingarhlutfall ofanjarðar: 1.68 + B-rými: 1.77 Erindi fylgir lóðauppdráttur 1.451.3 dags. 31. október 2019, greinargerð um hljóðvist dags. 17. mars 2020. Gjald kr. 11.200  
*Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið. Samræmist deiliskipulagi.*
29. **Tunguháls 6, breyting á skilmálum deiliskipulags** (04.342.1) Mál nr. SN200357 Skjalnr. 8857  
 440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júní 2020 var lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 5. júní 2020 ásamt greinargerð dags. 5. júní 2020 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 6 við Tunguháls. Í breytingunni felst að leyfilegt er að hækka nýtingarhlutfall lóðar í 1,1 ofanjarðar og að gera skal ráð fyrir 1 bílastæði á hverja 50 fm. fyrir skrifstofu og verslunarrými og 1 bílastæði á hverja 200 fm. í geymslum, vöruhúsum, verkstæðum eða tækjarymum. Á það bæði við eldri og nýja byggingarhluta, samkvæmt tillögu THG Arkitekta ehf. dags. 5. júní 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Tunguhálsi 2, 5, 8, 10, 9-11, 13 og 17 og Kletthálsi 3.*
- Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*



30. **Vogabyggð svæði 1, breyting á** (01.45) Mál nr. SN200339  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 13136  
 020975-5989 Þorsteinn Ingi Garðarsson, Hléskógar 14, 109 Reykjavík  
 701017-0990 Gelgjutangi ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. júní 2020 var lögð fram umsókn Þorsteins Inga Garðarssonar dags. 29. maí 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 1 vegna lóðar nr. 1.6. Í breytingunni felst m.a. að heimila aukið byggingarmagn og reisa íbúðir í þremur húshlutum ofan á bílgeymslu, fækka bílastæðum í götu, gera þemagarð á borgarlandi austast á svæðinu ásamt því að breyta lögun lóðar og götu, samkvæmt deiliskipulagsuppdætti Jvantspijker og Teiknistofunnar Traðar dags. 22. maí 2020. Einnig eru lagðir fram skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð dags. 26. janúar 2018 br. 22. maí 2020, minnisblað Eflu dags. 12. mars 2019 um hljóðmælingar og umboð Gelgjutanga ehf. dags. 25. maí 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*  
*Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.*
31. **Gefjunarbrunnur 11, Tvíbýlishús** (26.952.05) Mál nr. BN057823  
 Skjalnr. 14291  
 040659-3749 Elvar Hallgrímsson, Vesturhús 9, 112 Reykjavík  
 170289-2189 Elvar Elvarsson, Vesturhús 9, 112 Reykjavík  
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt tvíbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 11 við Gefjunarbrunn.  
 Stærð, A-rými: 237,3 ferm., 767,3 rúmm. B-rými: 7,6 ferm., 11,5 rúmm. Samtals: 243,4 ferm., 778,8 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
32. **Lofnarbrunnur 44-46, (fsp) nr. 46 -** (05.055.6) Mál nr. SN200349  
*breyting á byggingarreit* Skjalnr. 11873  
 540814-0230 Kjalarland ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík  
 570394-2079 Mansard - Teiknistofa ehf., Holtsbúð 27, 210 Garðabær  
 Lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafns Hlökkverssonar dags. 3. júní 2020 ásamt bréfi dags. 30. maí 2020 um breytingu á byggingarreit lóðarinnar nr. 44-46 við Lofnarbrunn þannig að byggingarreitur lóðar nr. 46 verður breytt til samræmis við byggingarreit lóðar nr. 44, samkvæmt uppd. Mansard - Teiknistofu ehf. dags. 30. maí 2020.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
33. **Njarðargata 47, Áður gert að hluta, sameina** (01.186.604) Mál nr. BN057257  
*efstu hæð og ris.* Skjalnr. 14246  
 030478-4289 Sigurður Gunnarsson, Njarðargata 47, 101 Reykjavík  
 230881-2439 Aude Maina Anne Busson, Njarðargata 47, 101 Reykjavík  
 Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna eignaskiptayfirlýsingar sem felast í því að gerðar voru svalir á norðurhlið, og sótt er um að gera eldhús í rými 0001, sameina rishæð 0301 við 0201 með því að brjóta niður vegg sem skilur á milli rýma og að auki er innra skipulagi breytt í húsi á lóð nr. 47 við Njarðargötu. Erindi var grenndarkynnt frá 26. maí 2020 til og með 23. júní 2020. Engar athugasemdir bárust.  
 Erindi fylgir samþykki meðeigenda, ódags., umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 6. febrúar 2020 og bréf hönnuðar dags. 19. febrúar 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. mars 2020 fylgir erindi, ásamt

umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 16. mars 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. apríl 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. apríl 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 20. apríl 2020. Gjald kr. 11.200

*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

34. **Pósthússtræti 3 og 5, breyting á** (01.140.3) Mál nr. SN200211  
**deiliskipulagi** Skjalnr. 5892

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
711208-0700 Reitir fasteignafélag hf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 6. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, með síðari breytingum, vegna lóðanna nr. 3 og 5 við Pósthússtræti. Í breytingunni felst að skilgreina heimildir fyrir viðbyggingu í porti og endurbyggingu á núverandi bakbyggingu ásamt því að heimilt verði að rífa núverandi bakbyggingu á lóð Pósthússtrætis 5 og byggja í staðinn 272 m<sup>2</sup> viðbyggingu á 1. hæð ásamt kjallara, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 8. maí 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 26. maí 2020 til og með 23. júní 2020. Engar athugasemdir bárust.

*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

35. **Reykjavíkurhöfn, Klettasvæði, breyting á** (01.33) Mál nr. SN200408  
**deiliskipulagi vegna smáhýsa** Skjalnr. 9643

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurhafnar Klettasvæðis til að koma fyrir allt að 3 smáhýsum (ca. 35 m<sup>2</sup> hvert) fyrir skjólstaðinga Velferðarsviðs Reykjavíkur. Tillagan gerir ráð fyrir nýrri lóð fyrir smáhýsin, á núverandi bílastæði á borgarlandi, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Stiku ehf. dags. 22. júní 2020. Einnig er lögð fram umsögn Faxaflóahafna sf. dags. 2. janúar 2019.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

36. **Sigtúnsreitur, veitulóð, breyting á** (01.36) Mál nr. SN200418  
**deiliskipulagi** Skjalnr. 9988

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulaginu Sigtúnsreitur vegna stofnunar nýrrar lóðar fyrir Veitur ohf. við Engjateig. Veitur og Reykjavíkurborg gera með sér makaskiptasamning á lóðum. Núverandi lóð Veitna ohf. að Lág múla 2 verður færð til Reykjavíkurborgar og fá Veitur þess í stað nýja lóð við Engjateig fyrir framtíðar borholuhús. Hin nýja lóð Veitna er jafn stór þeirri gömlu, 1874m<sup>2</sup>. Einnig er skilgreint 6500m<sup>2</sup> helgunarsvæði fyrir bor, tæki og mannvirki sem tengjast því þegar borað er fyrir heitu vatni, samkvæmt uppdr. Trípólí arkitekta dags. 24. júní 2020.

*Vísa til skipulags- og samgönguráðs.*

37. **Grettisgata 13, (fsp) 13B - fjölgun íbúða** (01.172.2) Mál nr. SN200379  
Skjalnr. 13438

510517-0830 Reir verk ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík  
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Reir verks ehf. dags. 2. júní 2020 um að fjölga íbúðum í húsinu nr. 13B á lóð nr. 13 við Grettisgötu sem felst í að innrétta þrjár litlar tveggja herbergja íbúðir, samkvæmt tillöguhefti Arkþings - Nordic ehf. dags. 1. mars 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020 samþykkt.*

38. **Skriðustekkur 29, Stækkun bílskúrs og áður** (46.162.03) Mál nr. BN057718  
*gerð viðbygging við hús nr. 29.* Skjalnr. 10501  
 181152-6729 Ómar Másson, Skriðustekkur 29, 109 Reykjavík  
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að stækka bílskúr að lóðamörkum og fyrir áður gerðri breytingu sem felst í viðbyggingu, frá vesturhorni húss nr. 29 í suður, á lóð nr. 25-31 við Skriðustekk. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 26. júní 2020.  
 Stækkun húss: 28,0 ferm., 96,5 rúmm. Stækkun bílskúrs: 11,5 ferm., 59,3 rúmm. Samtals stækkun: 39,5 ferm., 155,8 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020 samþykkt.*
39. **Vesturás 19-23, (fsp) stækkun lóðar** (04.385.6) Mál nr. SN200393  
 Skjalnr. 7362  
 170769-5119 Guðmundur Júlíus Ólafsson, Vesturás 19, 110 Reykjavík  
 Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Júlíusar Ólafssonar dags. 20. júní 2020 um stækkun lóðarinnar nr. 19 -23 við Vesturás sem felst í að færa lóðarmörk við enda raðhúsið nr. 19, samkvæmt skissu ódags. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020.*
40. **Vesturberg 78, (fsp) djúpgámar** Mál nr. SN200356  
 Skjalnr. 13102  
 700896-2429 Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., Síðumúla 3, 108 Reykjavík  
 430481-1349 Vesturberg 78, húsfélag, Vesturbergi 78, 111 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Vektors, hönnun og ráðgjöf ehf dags. 5. júní 2020 um að setja djúpgáma í norðvesturhorn lóðarinnar nr. 78 við Vesturberg, samkvæmt tillögu/skissu að staðsetningu djúpgáma ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2020 samþykkt.*
41. **Grundargerði 28, Stækka hús - eignum** (01.814.207) Mál nr. BN057455  
*fjölgað* Skjalnr. 14048  
 041055-3089 Gunnar Sævar Kjartansson, Grundargerði 28, 108 Reykjavík  
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta einbýlishúsi í tvíbýlishús, stækka það til suðurs, hækka og endurbyggja ris og breyta innraskipulagi í húsinu á lóð nr. 28 við Grundargerði. Erindi fylgir umboð frá eiganda dags. 12. mars. 2020 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 1. apríl 2020. Íbúð 0101 verður brúttó 97,8 ferm. 277,5rúmm. Íbúð 0201 verður brúttó 115,0 ferm., 339,7 rúmm.  
 Stækkun hús er: 133,5 ferm., 335,0 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Grundargerði 21 og 26, Breiðargerði 33 og 35 og Melgerði 1, 3 og 5.*
- Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

42. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Nýi Skerjafj. Breytt landnotkun, breyting á aðalskipulagi**

Mál nr. SN200325  
Skjalnr. 5987

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. maí 2020, ásamt umhverfisskýrslu, að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er varðar skipulag byggðar í Skerjafirði. Í breytingunni felst breytt landnotkun, breytingar á byggingarmagni, lega stofn- og tengistíga er fest niður og tekið er tillit til umferðatenginga ásamt því að umfang landfyllinga er minnkað. Tillagan var kynnt til og með 24. júní 2020. Eftirtaldar stofnanir sendu umsagnir: Skipulags- og umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 5. júní 2020, Hafrannsóknarstofnun dags. 15. júní 2020, Bláskógabyggð dags. 18. júní 2020, íbúaráð Vesturbæjar dags. 19. júní 2020, Umhverfisstofnun dags. 19. júní 2020, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 22. júní 2020, Isavia innanlands dags. 23. júní 2020, Vegagerðin dags. 24. júní 2020 og Samgöngustofa dags. 24. júní 2020. Vísad til skipulags- og samgönguráðs.

43. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Elliðaárvogur - smábátahöfn, breyting á aðalskipulagi - Strandsvæði ST9 - breyting á hafnargarði.**

Mál nr. SN200326  
Skjalnr. 5987

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. maí 2020 að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er varðar Elliðaárvog, smábátahöfn. Í breytingunni felst minniháttar breyting á þéttbýlisupprætti aðalskipulagsins er varðar hafnargarð við smábátahöfn Snarfara við Naustavog, í Elliðaárdal. Tillagan var kynnt til og með 24. júní 2020. Eftirtaldar stofnanir sendu umsagnir: Hafrannsóknarstofnun dags. 5. júní 2020, Skipulags- og umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 5. júní 2020, Bláskógarbyggð dags. 18. júní 2020, Veðurstofa Íslands dags. 22. júní 2020, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 22. júní 2020, Vegagerðin dags. 24. júní 2020 og Umhverfisstofnun dags. 25. júní 2020. Vísad til skipulags- og samgönguráðs.

44. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Sértæk búsetuúrræði, breyting á aðalskipulagi**

Mál nr. SN200329  
Skjalnr. 5987

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. maí 2020 að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er varðar sértæk búsetuúrræði og landnotkun. Í breytingunni felst að sérákvæði um búsetuúrræði er bætt við undir liðnum Íbúðabyggð (ÍB) í kaflanum Landnotkun (bls. 205 (sjá aðalskipulag.is). Tillagan var kynnt til og með 24. júní 2020. Eftirtaldar stofnanir sendu umsagnir: Skipulags- og umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 4. júní 2020, Bláskógarbyggð dags. 18. júní 2020 og Skipulagsstofnun dags. 22. júní 2020. Vísad til skipulags- og samgönguráðs.

45. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.**

Mál nr. SN200328

Skjalnr. 5987

**Stefna um íbúðarbyggð, breyting á**

***aðalskipulagi***

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. maí 2020 að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er varðar stefnu um íbúðabyggð. Breytingin tekur til eftirfarandi reita, sem verða skilgreindir sem sérstakir byggingarreitir, sbr. stefnu um íbúðabyggð, sem sett er fram á mynd 13 í kaflanum Borgin við Sundið: Arnarbakka, Eddufells-Völvufells.

Rangársels, Háaleitisbrautar-Miklubrautar, Furugerðis-Bústaðavegar og Vindáss-Brekknaáss.

Tillagan var kynnt til og með 24. júní 2020. Eftirtalдар stofnanir sendu umsagnir: Bláskógarbyggð dags. 18. júní 2020.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:50.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir.